

Lög

um yrkisrétt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðili, sem hefur ræktað, eða uppgötvað og þróað, nýtt yrki (afbrigði eða stofn af plöntu- tegund) eða öðlast rétt hans, yrkishafi, getur samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni. Réttur til yrkis (yrkisréttur) er veittur á grundvelli umsóknar til yrkisréttarnefndar, sbr. 22. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Yrkisrétt má veita ef yrki er:

- sérstætt, þ.e. unnt er að greina það frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr.,
- nægilega einsleitt,
- stöðugt með tilliti til þeirra einkenna sem notuð eru til aðgreiningar þess frá öðrum yrkjum, sbr. 1. tölul., þegar því er fjölgað með þeirri aðferð sem yrkishafi hefur tilgreint og
- nýtt, þ.e. efniviður til fjölgunar þess eða uppskera af því hefur ekki, með samþykki yrkishafa, verið seld eða boðin til sölu á almennum markaði ellegar með öðrum hætti framseld til hagnýtingar í atvinnuskyni:
 - hér á landi lengur en eitt ár eða
 - erlendis lengur en fjögur ár, þó í sex ár þegar um er að ræða tré eða vínvið.

Yrki telst þekkt ef það hefur verið selt eða boðið til sölu á almennum markaði, er skráð á opinberum lista eða er almennt þekkt með öðrum hætti. Hafi yrki verið lýst í umsókn um yrkisrétt, einkaleyfisumsókn eða umsókn um skráningu á opinberum lista hér á landi eða í öðru ríki telst það þekkt frá umsóknardegi. Þetta gildir þó einungis hafi áður nefndar umsóknir leitt til samþykktar.

II. KAFLI

Umsókn.

3. gr.

Umsókn um skráningu í yrkisréttarskrá skal skila skriflega til yrkisréttarnefndar.

Í yrkisumsókn skal vera lýsing á yrki og skal sérstaklega tekið fram hvað skilji það frá öðrum yrkjum. Í umsókn skal vera tillaga um heiti yrkis, nafn upphafsmanns yrkis og heimilisfang. Einnig skal þar greina nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.

Sé umsækjandi annar en upphafsmaður skal hann sýna fram á heimild sína til að sækja um yrkisrétt.

Ef umsækjandi er ekki búsettur eða með aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal hann hafa umboðsaðila sem búsettur er eða hefur aðsetur hér á landi.

Yrkisréttarnefnd getur krafist þess að umsækjandi veiti innan tilskilins frests nauðsynlegar upplýsingar til meðferðar á umsókn. Enn fremur getur nefndin krafist þess að umsækjandi leggi innan tilskilins frests fram gögn og efni til rannsóknar skv. 9. gr.

Umsækjandi skal greiða umsóknargjald 30.000 kr.

4. gr.

Umsókn, sem telst fullnægjandi, skal þegar við móttöku færð í dagbók yrkisréttarnefndar og afrit umsóknar sent umsækjanda með áritun um færslu í dagbókina.

Dagbókin skal vera aðgengileg almenningi, þó ekki upplýsingar um línur sem mynda blendingsyrki og lýsing á þeim hafi umsækjandi óskað þess að þeim verði haldið leyndum.

5. gr.

Veiti umsækjandi ekki þær upplýsingar eða leggi fram þau gögn og efni sem yrkisréttarnefnd hefur krafist skv. 5. mgr. 3. gr. innan tilskilins frests getur nefndin fellt umsókn úr dagbók.

6. gr.

Frá umsóknardegi hefur umsækjandi rétt til verndar yrkisins fram yfir aðra sem síðar sækja um vernd á sama yrki.

Óski umsækjandi þess getur yrkisréttarnefnd litið svo á að umsóknin hafi verið móttæk- in samtímis fyrstu umsókn um rétt til yrkis í einhverju aðildarríki Alþjóðasambandsins um vernd nýrra yrkja (UPOV) hafi hún verið lögð inn á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag hérlendis. Slík beiðni skal koma fram í umsókn og skal leggja fram sönnun fyrir móttöku fyrstu umsóknarinnar innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hérlendis.

7. gr.

Svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur verið færð í dagbók skal yrkisréttarnefnd láta fara fram bráðabirgðarannsókn á því hvort yrki fullnægi skilyrðum verndar.

Telji nefndin eftir þá rannsókn að skilyrðunum sé fullnægt birtir hún tilkynningu um umsóknina í Lögbirtingablaði með áskorun til þeirra er hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um að andmæla skráningu yrkisins innan tilskilins frests.

Telji nefndin hins vegar skilyrðum ekki fullnægt skal umsækjanda veittur frestur til at- hugasemda. Ef athugasemdir hans breyta fyrri niðurstöðu skal tilkynning um umsóknina birt í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Ákveði yrkisréttarnefnd á grundvelli andmæla að afskrifa umsókn úr dagbók og hætta við rannsókn skal birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.

Yrkisréttarnefnd úrskurðar ekki í málum er varða rétt umsækjanda til yrkis. Nefndin skal benda aðilum á að bera megi ágreining undir dómstóla. Sé nefndinni tilkynnt um málshöfðun skal árita umsóknina þar að lútandi.

III. KAFLI

Rannsókn og skráning.

9. gr.

Áður en yrki getur öðlast vernd, sbr. þó 21. gr., skal yrkisréttarnefnd ganga úr skugga um það, með sérstakri rannsókn ef þörf krefur, að yrkið fullnægi skilyrðum fyrir vernd, sbr. 2. gr., og hvort það búi yfir þeim sérstöku eiginleikum sem nefndir eru í umsókn.

Heimilt er að krefja umsækjanda um greiðslu vegna kostnaðar nefndarinnar af rannsókn skv. 1. mgr. Slík greiðsla umsækjanda skal þó aldrei vera hærri en 30.000 kr.

10. gr.

Teljast yrki fullnægja skilyrðum fyrir vernd skal yrkisréttarnefnd skrá það í yrkisréttarskrá með samþykktu yrkisheiti, sbr. 11. gr.

Yrkisréttarnefnd getur hafnað að skrá yrki verði umsækjandi eigi innan tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að gera tillögu um heiti yrkis eða tillögu um nýtt heiti þess telji nefndin fyrirhugað heiti ekki fullnægja settum skilyrðum.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómstólum, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal færa athugasemd um það í yrkisréttarskrá.

11. gr.

Yrki skal auðkenna með samþykktu yrkisheiti og skal heitið haldast og yrkið auðkennt með því, einnig þegar það nýtur ekki lengur verndar.

Ekki er heimilt að nota eingöngu tölustafi sem heiti nema það sé viðtekin venja við að auðkenna yrki af þeirri tegund er um ræðir. Heitið skal ekki vera villandi eða til þess fallið að valda ruglingi um einkenni eða gildi yrkisins, hvert það sé eða um það hver yrkishafinn sé. Það skal frábrugðið öllum heitum sem þegar auðkenna yrki af sömu eða náskyldri tegund.

Í tengslum við yrkisheitið má nota aukheiti.

Í sérstökum tilvikum getur yrkisréttarnefnd að beiðni yrkishafa heimilað að yrki sé gefið annað heiti en upphaflega var samþykkt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um yrkisheiti.

12. gr.

Þegar yrkisréttarnefnd hefur skráð yrki gefur hún út yrkisréttarskjal sem afhent skal umsækjanda gegn greiðslu 3.000 kr. skráningargjalds. Skjalið gildir í eitt ár en framlengja má gildistíma þess um eitt ár í senn í allt að 25 árum.

Vernd samkvæmt yrkisréttarskjali framlengist með greiðslu árgjalds til yrkisréttarnefndar. Árgjald fellur í gjaldþaga á sama mánaðardegi og yrkisréttarskjal var gefið út á. Árgjald fyrir hvert ár frá 1. gjaldári til 10. gjaldárs er 3.000 kr. Gjald fyrir hvert ár frá 11. ári til 25. árs er 6.000 kr. Gjald fyrir hvert ár frá 26. ári til 30. árs er 9.000 kr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur landbúnaðarráðherra sett reglur um lengri gildistíma yrkisréttarskjals tiltekinna tegunda og ættkvísla þannig að yrki njóti verndar allt að 30 árum.

Tilkynningu um skráningu yrkis skal birta í Lögbirtingablaði.

13. gr.

Eftir skráningu getur yrkisréttarnefnd haft eftirlit með því að yrkishafi haldi yrkinu nægilega vel við. Innan þess frests sem nefndin ákveður skal yrkishafi í þessu skyni láta henni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkis.

14. gr.

Yrkisréttarnefnd skal ógilda veitingu yrkisréttar ef í ljós kemur:

1. að yrki fullnægði ekki á skráningardegi skilyrðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera sérstætt og nýtt eða
2. að í þeim tilvikum er veiting yrkisréttar byggist að verulegu leyti á upplýsingum og skjölum sem yrkishafi lét í té hafi skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., um að yrki væri nægilega einsleitt og stöðugt, ekki verið fullnægt á skráningardegi.

Yrkisréttarnefnd getur fellt yrki úr yrkisréttarskránni ef:

1. yrkishafi fer skriflega fram á það við nefndina,
2. árgjald hefur ekki verið greitt,
3. yrki fullnægir ekki lengur skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera nægilega einsleitt og stöðugt eða
4. yrkishafi verður ekki fyrir lok tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að:
 - a. láta nefndinni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar þess vegna eftirlits eftir skráningu eða

b. gera tillögu um nýtt heiti yrkis hafi nefndin eftir skráningu þess komist að þeirri niðurstöðu að samþykkt heiti sé ekki í samræmi við reglur landbúnaðarráðherra. Yrki skal felld úr yrkisréttarskránni tveimur mánuðum eftir að yrkishafa hefur verið tilkynnt ákvörðun yrkisréttarnefndar á sannanlegan hátt nema hann höfði mál fyrir lok frestsins.

15. gr.

Hafi yrki verið felld úr yrkisréttarskrá verður það eigi skráð að nýju. Yrkisréttarnefnd skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaði og tilgreina ástæður.

IV. KAFLI
Yrkisréttur.

16. gr.

Yrkisréttur nær til:

1. þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum,
2. hvers annars safns plantna sem verður ekki með vissu greint frá hinu skráða yrki,
3. yrkis sem er í öllum aðalatriðum komið af hinu skráða yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum og
4. yrkis sem er ekki unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun skráða yrkisins.

Yrki telst í 3. tölul. 1. mgr. komið af öðru í öllum aðalatriðum þegar:

1. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, og heldur þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins,
2. greina má það með vissu frá upphafsyrkinu og
3. það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í aðgerðinni við að fá það fram, upphafsyrkinu í þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.

17. gr.

Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis fara með efnivið til fjölgunar yrkis sem hér segir:

1. hagnýta efniviðinn í atvinnuskyni til framleiðslu, fjölgunar eða meðferðar vegna fjölgunar,
2. flytja hann inn eða út, bjóða til sölu, selja eða markaðssetja með öðrum hætti eða
3. halda birgðir í þeim tilgangi sem greint er frá í 1. og 2. tölul.

Yrkishafi getur bundið samþykki sitt skilyrðum, þar á meðal um greiðslu hæfilegs nytjaleyfisgjalds.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um að sá sem fjölgar yrki af sérstaklega tilgreindum tegundum eingöngu til notkunar í eigin rekstri skuli einnig greiða nytjaleyfisgjald.

Sá sem í atvinnuskyni fjölgar yrki eða selur efnivið til fjölgunar þess skal gefa yrkishafa nauðsynlegar upplýsingar vegna innheimtu nytjaleyfisgjalds.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda einnig um uppskeru af yrki sem fengist hefur með hagnýtingu á efniviði til fjölgunar þess hafi yrkishafi ekki:

1. heimilað þá hagnýtingu og
2. haft tök á að nýta réttindi sín skv. 1. mgr.

Þau skilyrði sem yrkishafi setur skv. 2. mgr., m.a. um gjaldtöku, skulu aðeins eiga við þá notkun og það framboð sem getur í 1. mgr. Skilyrðin skulu vera sanngjörn og skulu allir framleiðendur njóta sambærilegra kjara.

18. gr.

Undanþegin yrkisrétti er:

1. notkun í einkaþágu sem tengist ekki viðskiptum,
2. notkun í tilraunum,
3. notkun til kynbóta,

4. notkun á efniviði til fjölgunar yrkis sem yrkishafi, eða einhver í umboði hans, hefur markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu, svo fremi notkunin feli ekki í sér:
- frekari fjölgun yrkisins eða
 - útflutning á efniviði til fjölgunar yrkisins til lands þar sem yrkisvernd nær ekki til þeirrar ættkvíslar eða tegundar sem yrkið er af, nema um sé að ræða útflutning til neyslu.

19. gr.

Yrkisréttarnefnd skal samkvæmt beiðni kanna hvort þau skilyrði sem yrkishafi hefur sett fyrir samþykki sínu skv. 2. mgr. 17. gr. samræmist 6. sömu greinar.

20. gr.

Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum, í þeim mæli og með þeim hætti sem þörf krefur til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni, getur landbúnaðarráðherra veitt þeim er vill hagnýta yrkið leyfi til þess. Ákvæði 49. og 50. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi fyrir yrki. Ráðherra getur skyldað yrkishafa til að afhenda leyfishafa nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins gegn sanngjörnu gjaldi.

21. gr.

Frá umsóknardegi til skráningar í yrkisréttarskrá getur yrkishafi sett skilyrði skv. 2. mgr. 17. gr., enda tilkynni hann yrkisréttarnefnd það. Tímabil verndar skv. 12. gr. gildir þá frá skráningu þeirrar tilkynningar í dagbók yrkisréttarnefndar. Ákvæði 11. og 20. gr. gilda á sama hátt á umsóknartíma.

Ef ræktandi greiðir nytjaleyfisgjald áður en umsókn er afgreidd skal gjaldið lagt inn á geymslufjárreikning á nafni yrkishafa. Fjárhæðin verður laus sé yrkið skráð. Ef umsókn er hafnað skal hún endurgreidd með vöxtum.

Sé umsókn um vernd yrkis dregin til baka eða henni hafnað eru afnot yrkisins öllum frjáls til fjölgunar. Ræktandi, sem hefur notað yrkið á umsóknartímanum, fær sömu stöðu og við notkun óverndaðs yrkis.

V. KAFLI

Stjórnun.

22. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yrkisréttarnefnd til fjögurra ára sem annast skal framkvæmd II.–IV. kafla laga þessara.

Nefndin skal skipuð fæst þremur mönnum og flest fimm mönnum. Minnst einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á ræktun og kynbótum nytjaplantna og annar þekkingu á hugverkaretti.

23. gr.

Ákvarðanir yrkisréttarnefndar á grundvelli II.–IV. kafla verða ekki bornar undir aðra stjórnarsýsluaðila.

24. gr.

Hafi yrkishafi ekki búsetu eða aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans. Náist ekki til yrkishafa eða umboðsmanns hans skal fara eftir lögum um meðferð einkamála og lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, eftir því sem við á.

25. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir yrkisrétt samkvæmt lögum þessum eða reglum á grundvelli þeirra skal sæta sektum.

Nú er brotið framið af lögaðila og er þá heimilt að dæma hann í fésekt.

26. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir yrkisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu yrkis og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 8. maí 2000.